

## LISTIR

# Stoppard vill engar ævisögur um sig

London. The Daily Telegraph. BRESKA leikritaskáldið Tom Stoppard segir þá athygli sem hann hefur notið síðan handrit hans að kvikmyndinni Shakespeare in Love var tilnefnt til Óskarsverðlauna afar taugastrekkjandi. Hann hefur engu að síður lofað framleiðendum myndarinnar því að vera viðstaddur Óskarsverðlaunaafhendinguna, sem fram fer aðfaranótt 23. mars næstkomandi. „Þeir myndu gera út af við mig ef ég mætti ekki,“ sagði Stoppard í samtali við The Daily Telegraph.

Stoppard, sem er 61 árs gamall, fæddist í Tékkóslóvakíu en átti erfða æsku. Fjölskylda hans þurfti fyrst að flýja ofsóknir nasista í Tékkóslóvakíu til Singapore, og það

an flúðu þau Japana til Indlands. Faðir Stoppards dó sem stríðsfangi Japana og móðir hans giftist breskum herforingja í Indlandi, Kenneth Stoppard. Það var stjúpfaðir leikskáldsins sem flutti með fjölskylduna til Englands árið 1946.

Stoppard sló rækilega í gegn með leikrit sitt Rosencrantz and Guildenstern are dead fyrir þrjátíu árum, en við ritun þess sótti hann innblástur í verk Williams Shakespeares, rétt eins og kvikmyndin Shakespeare in Love er tilbúin saga um ástarævintýri leikskáldsins frá. Nú er Stoppard hins vegar sjálfur orðinn svo frægur sem leikritaskáld að bókmenntafræðingur hyggst skrifa fræðirit um ævi og

verk hans, og hefur þegar reynt að tryggja sér samvinnu Stoppards.

„Hann heitir Ira eða eitthvað svoliðis,“ segir Stoppard. „Ég er viss um að þetta er aldeilis vammlaus maður en ég er búinn að segja honum að hann sé einn á báti.“ Segist hann ekkert kæra sig um slíka innrás í einkalíf sitt. Um fjölmiðlafárið, sem fylgt hefur velgengni Shakespeare in Love, segir hann að fyrst og fremst geri það hann taugaveiklaðan. „Ég reyni að virðast sjálföruggur, ég brosi í myndavélina og segi heimskulega hluti eins og allt hitt frá fræga fólkíð en íða í skinninu að komast aftur til þess að gera það sem fékk Hollywood-mennina til að bjóða mér vinnu til að byrja með.“

## Skáldverk metin að verðleikum

London. Reuters.

BRESKIR bókaunnendur, sem vilja velja sér skáldsögu til lestrar eftir skapi sínu á hverjum tíma, munu í framtíðinni geta ráðfært sig við upplýsingamiðstöð á Netinu þar sem bókum eru gefnar einkunnir á skalanum 1-10 fyrir fyndni, tilfinningasemi, kynlíf eða ofbeldi.

Keppast bókasafnsfræðingar í Bretlandi nú við að gefa eitt þúsund skáldsögum, allt frá klassískum bókmenntum til nútímaverka, stig fyrir alla mögulega hluti, svo

sem þá bjartsýni sem kemur fram í verkinu eða andstyggð, eftir því sem við á, til að auðvelda lesendum að finna sér lestrarefni við hæfi.

Upplýsingamiðstöðin er hugarfóstur Félags yfirbókasafnsfræðinga sem nú þegar hefur fellt dóm sinn um nítjándu aldar meistara- verk rithöfundarins Thomas Hardy, Tess of the D'Urbervilles. Fékk hún einungis tvö stig fyrir bjartsýni og fyndni en sjö fyrir ofbeldi og tíu fyrir tilfinningasemi.

## Umræða um Kjarval

KJARVALSSTAÐIR efna til umræðna um Kjarval fimmtudaginn 11. mars kl. 20.30. Fjallað verður um stöðu Kjarvals sem hluta af íslenskum menningararfi og gildi hans fyrir okkar samtíma.



Jóhannes S. Kjarval

Kveikjan að þessum umræðum eru tvær sýningar sem nú standa yfir á Kjarvalsstöðum, sýning á verkum Kjarvals frá árunum 1946-72, sem ber yfirskriftina Af trönum meistarans, og sýning Einars Garibalda Eiríkssonar, Blámi, en sú sýning fjallar um stöðu Kjarvals sem menningarlegur táknmyndarinn í íslensku samfélagi nútímans. Auk Einars taka þátt í umræðum og flytja stuttar framsögur þeir Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur, Ólafur Gíslason listfræðingur og myndlistarmaðurinn Guðbjörg Lind Jónsdóttir. Stjórnandi verður Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða.

## Æfingar á My fair lady

Egilsstöðum. Morgunblaðið. LEIKFÉLAG Fjóttsdalshéraðs hefur hafið æfingar á söngleiknum My Fair Lady sem saminn er uppúr leikritinu Pygmalion eftir Bernard Shaw. Leikritið gerist upp úr aldamótum í Englandi.

Í söguþræði segir að sérvitur málfraeðingur (Higgins), veðji við ofursta (Pickering) um það að hann geti kennt blómastúllu (Elísu) að tala svo rétt og fallegt tungumál að hann geti kynnt hana sem hertogafrú að sex mánuðum liðnum. Tilfinningar kvikna, lög eru sungin og inn blandast óprúttinn faðir Elísu og fleiri skemmtilegir. Það eru ríflega 40 manns sem koma að sýningunni en með aðalhlutverk fara: Einar Rafn Haraldsson, (Henry Higgins), Agnes Vogler (Elisa Doolittle), Daníel Behrend (Doolittle), Daníel Þorsteinsson (Pickering), Hafdís Bjarnadóttir (Frú Higgins), Heiða Skúladóttir (Frú Pearce), Björn Sveinsson (Freddy). Leikritið hefur tvisvar verið sýnt í Reykjavík og einu sinni á Akureyri og er þetta í



Morgunblaðið/Anna Ingólfs

AGNES Vogler (Elísa) og Einar Rafn Haraldsson (Higgins) í hlutverkum sínum.

fyrsta skipti sem það er sýnt af áhugaleikfélagi. Leikstjóri er Oddur Bjarni Þorkelsson. Söngleikurinn verður frumsýndur í Valaskjálfi sunnudaginn 28. mars.

## Þýskt menningar- og matarkvöld Vörðukórsins

VÖRÐUKÓRINN, blandaður kór í uppsveitum Árnessýslu, stendur fyrir þýsku menningar- og matarkvöldi í Arnesi, Gnúpverjahreppi, laugardagskvöldið 13. mars kl. 20.30. Í fyrri stöð kórinn fyrir ungversku kvöldi.

Kórinn flytur þýsk þjóðlög, kórtonlist eftir Felix Mendelsson og sígaunaljóð eftir Jóhannes Brahms. Stjórnandi kórsins er Margrét Bóasdóttir sópransöngkona. Hún mun einnig syngja lög eftir Franz

Schubert. Undirleikari er Jörg Sondermann frá Þýskalandi, en hann starfar nú sem organisti við Hveragerðiskirkju. Einnig kemur fram hörpuleikarinn Monika Abenroth og flytur hún suðurþýska þjóðlagatónlist. Monika, sem er frá Þýskalandi, er hörpuleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá mun Þór Vigfússon segja frá Goethe og menningartengslum Íslands og Þýskalands.

Miða á skemmtunina þarf að panta fyrir 12. mars.

## Upplausn fjölskyldunnar

### KVIKMYNDIR

#### Bíóborgin

„The Ice Storm“ ★★★

Leikstjóri: Ang Lee. Handrit: James Schamus og Rick Moody, byggt á skáldsögu hans. Aðalhlutverk: Kevin Kline, Joan Allen, Sigourney Weaver, Christina Ricci, Tobey Maguire, Elijah Wood. 1997.

PÓTT hún berist hingað nokkuð seint í kvikmyndahús er fengur að mynd Ang Lees, „The Ice Storm“, sem kannski fjallar fyrst og fremst um upplausn bandarísku kjarna-fjölskyldunnar. Hún er byggð á skáldsögu eftir Rick Moody og gerist í upphafi áttunda áratugarins. Víetnamstríðið geisar, Nixon er að tala um segulbönd í sjónvarpinu, hippamenningin að fjara út og á einhvern hátt er millistéttar-fjölskyldan sem hin trausta eining að fara fjandans til. Myndin skoðar tvær fjölskyldur og nágranna, samskipti þeirra á milli og samskiptaleysi innan þeirra og er bæði nóturleg og miskunnarlaus krufning á niðurbroti fjölskyldulífsins, alltaf raunsæ, frábærlega vel leikin og gersamlega laus við Hollywoodglitmyndina hvímeiði.

Mennirnir sem standa að myndinni, leikstjórinn Lee og handritshöfundurinn James Schamus, hafa áður fjallað um fjölskyldubönd en með mun meiri hómor og alvöruleysi (Brúkaupsveislan). Drunginn í „The Ice Storm“ er stórkostlegur, alltaf sannur og mjög viðeigandi. Kevin Kline og Joan Allen leika hjón og ljóst er að ekki er allt með felldu; hana grunar að hann haldi framhjá með Sigourney Weaver, sem býr skammt frá og er vinkona hennar. Grunur hennar er

réttur. Þau hittast á laun. Weaver er að leita að upplýftingu í skammdeginu. Ástæður Klines eru jafnvel enn lítilfjórlegri. Líklega veit hann minnst um það sjálfur hvað hann er að gera. Um leið og þetta fer fram eru börn þessa vinafólks, komin á unglingsár, að uppgötva kynlíf og þreifa sig mjög klaufalega áfram í þeim efnum. Kline gerist einstakur síðgæðispostuli þegar hann kemst að því.

Kannski er þetta lífsleiði velmegunarinnar sem birtist í gengis-sígi síðferðislegra gilda. Það er hreinlega ekkert spennandi í lífinu lengur og sannarlega ekki innan fjölskyldulífsins; ekkert að lifa fyrir, heldur ekki börnin, sem ganga meira og minna sjálfala. Hin heilaga bandaríska þakkargjörðarkvöldmáltíð er dauður skrípaleikur. Nýi leikurinn í partíunum er að hafa konuskipti. Í hinni tilfinningalegu fátækt gerist húsmóðirin, eigin kona Klines, búðarþjófur. Hún á það þó sameiginlegt með dóttur sinni, Christínu Ricci, sem hrópar á athygli með sömu aðferðinni.

Leikstjórinn Ang Lee finnur kuldanum í hinum mannlegu samskiptum mjög svo viðeigandi umhverfi í berangurslegu vetrarlandslagi og hann nær feikilega sterkum leik úr hópnun sínum. Weaver er lífsleiðinn með þykka augnskugga, Kline einskonar bjáni sem jafnvel viðhaldið fær leið á, Allen sú sem situr eftir með sárt ennið og skilur ekki þessa nýju tíma. Krakkarnir gefa þeim í raun ekkert eftir; Ricci sem unglingsstúlka í leit að hlýju, Elijah Wood er vinur hennar og Toby Maguire elsti bróðirinn.

Þetta er sannarlega ekki upp-lífgandi mynd en hún er fantagöð.

Arnaldur Indriðason

RACHEL GRIFFITHS EMILY WATSON

TVÆR SYSTUR. TVÖ LÍF. EIN ÁST...

HILARY og JACKIE

A TRUE STORY.

FRUMSÝND 12. MARS

Í HÁSKÓLABÍÓ

MYNDFORM MYNDRÖND HÁSKÓLABÍÓ